


Áhrif kynjaskiptingar í leikskóla á unglingsstúlkur:



Þær skilgreina sig sem „Hjallastelpur“

15. desember 2006
Vala Ágústa Káradóttir
Fríða Proppé
Elísabet Auður Torp

Formáli

Hjallastefnan er íslensk skólastefna sem vaxandi áhugi er fyrir hérlandis sem og erlendis. Talsverður styrr stóð fyrir sautján árum um frumtilraun Margrétar Pálu Ólafsdóttur til kynjaskiptingar barna í leikskólanum Hjalla (Garðavellir) í Hafnarfirði. Hjallastefnan hefur staðið af sér ýmsa brotsjói. Nú notar fjöldi leikskóla hana að hluta til eða í heild og stofnaðir hafa verið grunnskólar fyrir yngstu börnin, sniðnir að fyrirmynd Hjallastefnunnar. Námskrá Hjallastefnunnar hlaut viðurkenningu Jafnréttisráðs Íslands árið 1996 og leikskólinn Hjalli hlaut hvatningarverðlaun Jafnréttisnefndar Hafnarfjarðar árið 2001.

Meginþættir í hugmyndafræði Hjallastefnunnar eru krafan um að hverju barni sé mætt eins og það er og að ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga séu viðurkenndar. Í kynningarriti um Hjallastefnuna segir m.a.: „Kynjaskipting er notuð til að tryggja bæði kyn og gefa stúlkum og drengjum uppbot fyrir það sem þau hafa farið á mis við vegna kynferðis í samfélagi sem ekki hefur enn náð jafnréttismarkmiðum sínum.“¹

Kynjaskipt skólastarf hefur ætíð verið umdeilt. Hugmyndin kemur nú æ oftast upp á yfirborðið, sérstaklega í tengslum við umræðu um hegðunarvandamál í skólum. Ýmsir flokka aðferðina undir aðskilnaðarstefnu sem hafi slæm áhrif, aðrir telja hana styrkja jafnrétti í skólastarfi. Þannig megi mæta þörfum kynjanna á jafnréttisgrundvelli. Aðeins ein rannsókn hefur verið gerð á Hjallabörnunum en hún var í tengslum við M.Ed. ritgerð Margrétar Pálu Ólafsdóttur árið 2000. Margrét Pála fylgdi þá Hjallabörnunum eftir og skoðaði áhrif stefnunnar á færni, líðan og viðhorf stúlkna og drengja þegar í grunnskóla var komið. Það hlýtur því að teljast tímabært að hefja nú rannsókn á áhrifum Hjallastefnunnar til lengri tíma lítið.

Fyrstu leikskólabörn Margrétar Pálu og Hjallastefnunnar eru nú á efri unglingsárum og nokkur þeirra komin á þrítugsaldur. Í ljósi forsögu málsins er fróðlegt að fá að vita hvernig stelpum Hjallastefnunnar vegnaði á unglingsárum. Við undirritaðar leitum uppí þrjár stúlkur úr þessum hópi og fengum þær til að taka þátt í rannsóknarverkefninu sem er tilefni þessara skrifa.

¹ Lilja S. Sigurðardóttir og Margrét Pála Ólafsdóttir. 2006, bls. 18.

Lagðar voru 39 spurningar fyrir stúlkurnar en þær voru valdar með svokallaðri „snjóboltaaðferð“. Eitt nafn var fengið úr skrá leikskólans Hjalla og rætt við þá stúlku. Hún benti síðan á stúlku númer tvö sem síðan benti á þá þriðju. Með spurningunum skoðum við fyrst og fremst þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd stúlkanna og samskipti við hitt kynið. Spurt er um félagslega virkni, sjálfstraust og metnað. Ennfremur er spurt um viðhorf og samskipti stúlkanna við stráka í þeim tilgangi að athuga hvort kynjaskipting í leikskóla hafi áhrif á samskipti þeirra við hitt kynið á unglingsárum. Rannsóknina mætti kalla „for-rannsókn“ (e. pilot-study). Helstu niðurstöður eru þær að stúlkurnar höfðu sterka sjálfsmynd, voru sjálföruggar og höfðu metnað varðandi framtíð sína, nám og störf.

Í anda Lilla klifurmúsar

Leikskólinn Garðavellir var opnaður í Hafnarfirði 25. september 1989. Leikskólinn var í daglegu tali kallaður Hjalli sem leikskólastefnan tók síðar nafn af. Margrét Pála Ólafsdóttir fóstura var ráðin leikskólastjóri en hún hafði þá verið leikskólastjóri í Reykjavík, auk þess að vinna sjálfstætt við ráðgjöf fyrir dagvistarstofnanir. Margrét Pála tók þegar upp nýbreytni í starfsháttum, m.a. kynjaskiptar deildir sem hún kallaði kjarna. Hin nýja leikskólastefna hlaut fyrst nafnið Kjörnun, eins og fram kemur í frétt Fjarðarpóstsins, fréttablaðs Hafnarfjarðar frá þessum tíma.² Margt nýmæla var í leikskólastefnu Margrétar Pálu. Hún afþakkaði hefðbundin leikföng og kynnti í námsskrá leikskólans hugmyndafræði í anda Lilla klifurmúsar,³ þ.e. að allir í skóginum ættu að vera vinir og hafa sama rétt.

Hjallastefnan vakti strax óskipta athygli og þóttu aðferðirnar nýstárlegar í meira lagi. Kynjaskiptingin var afar umdeild og urðu harðvítugar deilur um hana, m.a. við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði. Frá þessu segir í Fjarðarpóstinum á þessum tíma. Í fjögurra dálka forsíðufrétt í 5. tbl. frá 21. febrúar 1991 segir: „Mikil harka í samskiptum starfsfólks Garðavalla og bæjaryfirvalda eftir skrif Pressunnar.“ Deilur mögnuðust, urðu persónulegar og leiddu til þess að Margrét Pála sagði upp störfum og í kjölfarið allt starfsfólkið á Hjalla. Sem dæmi um hörkuna og fordóma þessa tíma þá var Margrét Pála kærð fyrir jafnréttisráði og dæmi þess að foreldrar tækju stúlkubörn úr leikskólanum. Langflestir foreldranna stóðu með Margrétu Pálu og sáu til þess með öflugum stuðningi, ásamt starfsfólkinu, að bæjaryfirvöld báru fram sáttatillögur sem voru samþykktar.

² Fjarðarpósturinn, 11. tbl. 1991, bls. 12.

³ Lilla klifurmús er ein aðalpersónan í *Dýrunum í Hálsaskógi*, leikriti Thorbjörns Egner.

Þrettán leikskólar nota Hjallastefnuna hér á landi og kenna sig við hana auk þess sem fjölmargir nýta hluta úr námsskránni og einnig hafa borist fréttir af skólum erlendis sem styðjast við námsskrá Hjallastefnunnar. Margrét Pála stofnaði árið 2000 fyrirtækið Hjallastefnuna ehf. og tók þá sjálf við rekstri Hjalla á grundvelli þjónustusamnings við Hafnarfjarðarbæ. Fyrirtækið rekur nú einnig leikskólann Ása í Garðabæ, leikskólann Hólmasól á Akureyri og Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ.

Hjallastefnan ehf. hefur það markmið eitt, samkvæmt upplýsingum á www.hjalli.is, að koma á jafnrétti allra og friði í heiminum auk þess að reka góða leik- og grunnskóla. Skólar Hjallastefnunnar starfa sjálfstætt undir stjórn síns skóla- eða leikskólastjóra.

Alíslensk uppeldisstefna

Rúm tuttugu og þrjú ár eru liðin síðan Margrét Pála kynnti fyrstu hugmyndir sínar að Hjallastefnunni.⁴ Þessar hugmyndir héldu áfram að þróast þrátt fyrir mótbyr og í dag er „hjallíska“ skólastefnan þekkt og viðurkennd. Færa má rök fyrir því að Hjallastefnan sé í raun eina heildstæða íslenska skólastefnan. Margrét Pála og samstarfsfólk hennar byggja á hugmyndafræði og stefnu sem eiga sér rætur í þessum hugmyndum. Þar er kynjaskiptingin einn mikilvægasti þátturinn en starf í íslenskum leikskólum í gegnum tíðina er lagt til grundvallar: „Þetta eru uppeldisaðferðir sem byggja á íslenskri leikskólahefð sem ég hef svo þróað og útfært. Í stuttu máli má segja að Hjallastefnan sé mín leið til að gera eins vel og ég get í mínu starfi,“ sagði Margrét Pála sjálf í Morgunblaðsviðtali 2003.⁵

Í bókinni *Litróf kennsluáðferða* bendir dr. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, á að íslensk fagorð í kennslufræðum séu fá. Hann segir þýðingarvinnu og jafnvel nýyrðasmíð nauðsynlega þegar fjallað er um kennsluáðferðir.⁶ Ef til vill er orsökina að hluta til sú að íslenskt skólafólk styðst að miklu leyti við uppeldis- og menntastefnur sem eiga uppruna sinn erlendis, svo sem í Bretlandi og Bandaríkjunum. Auðvitað er það gott og blessað en óneitanlega er líka spennandi fyrir íslenskt skólafólk að fylgjast með brautryðjendastarfi hér heima.

⁴ Morgunblaðið 10.08.2003.

⁵ Morgunblaðið 10.08.2003.

⁶ Ingvar Sigurgeirsson 1999, bls. 6.

Rannsókn á gengi Hjallabarna

Þrátt fyrir sérstöðu Hjallastefnunnar og þróunarstarf er hún nánast ónumið land þegar kemur að rannsóknum. Aðeins ein rannsókn hefur verið gerð í tengslum við ‘hjallískar’ uppeldisaðferðir. Það er meistaraþrófsverkefni Margrétar Pálu við Kennaraháskólann í Reykjavík árið 2000 sem ber heitið *Gengi Hjallabarna í grunnskóla*. Þar er í fyrsta skipti leitast við að meta langtímaáhrif leikskólastarfsins á Hjalla, svo sem á færni, líðan og viðhorfum. Markmið Margrétar Pálu er meðal annars að meta hvort áhrifanna gæti hjá börnunum þegar í grunnskóla er komið.⁷ Hún telur mikilvægt að afla traustra upplýsinga um áhrif kynjaskiptingar í leikskólum, ekki síst vegna þess hversu umdeild þessi skipting hefur verið. Sumir telja aðskilnað breikka bilið milli kynjanna en aðrir telja hann styrkja jafnréttisstarf í skólum og mæta betur þörfum beggja kynja.⁸

Rannsóknin var samanburðarrannsókn á 120 fyrrum Hjallabörnum á grunnskólaaldri og 120 hafnfirskum grunnskólabörnum úr öðrum leikskólum. Færni, líðan og viðhorf þessara tveggja hópa voru athuguð í því augnamiði að leggja mat á gengi barnanna. Rannsóknin tók líka til kynjamunar „enda kynjamunur óaðskiljanlegur frá viðfangsefninu þar sem hann er orsök starfshátta á Hjalla.”⁹ Hér verður ekki fjölyrt um rannsóknaraðferðina en þó skal nefnt að lagðar voru spurningar fyrir börnin sjálf, foreldra þeirra og kennara. Vegna nálægðar sinnar við rannsóknarefnið ákvað Margrét Pála að fá aðra til þess að leggja spurningarnar fyrir en hún vann sjálf úr talnagildum.

Rannsóknartilgátan sem Margrét Pála lagði upp með var að kynjaskipt kennsla hefði þau áhrif að gengi Hjallabarna væri frábrugðið gengi annarra barna.¹⁰ Niðurstöður rannsóknarinnar studdu ekki tilgátuna þar sem lítil munur reyndist á Hjallabörnum og öðrum börnum á þeim sviðum sem mæld voru. Margrét Pála hefur bent á að niðurstöðurnar sýni fram á að kynjaskiptingin hafi ekki reynst börnunum skaðleg¹¹ en sums staðar hefur það viðhorf verið lífsseigt að samkennsla kynjanna sé betur til þess fallin en kynjaskipt kennsla að undirbúa kynin fyrir að lifa og starfa saman.¹² Þrátt fyrir að munurinn milli samanburðarhópanna væri lítil var hann samt greinanlegur á sumum sviðum. Má þar nefna að kennarar töldu fyrrum

⁷ Margrét Pála Ólafsdóttir 2000, bls. 6.

⁸ Margrét Pála Ólafsdóttir 2000, bls. 8.

⁹ Margrét Pála Ólafsdóttir 2000, bls. 6.

¹⁰ Margrét Pála Ólafsdóttir 2000, bls. 67.

¹¹ Morgunblaðið 10. ágúst 2003.

¹² Margrét Pála Ólafsdóttir 2000, bls. 43.

Hjallabörn ófeimnari og öruggari í samskiptum við hitt kynið en börnin í samanburðarhópnum. Margrét Pála segir þann mun benda til þess að kynjaskiptingin hafi styrkt börnin og unnið gegn neikvæðni í garð hins kynsins.¹³

Í rannsókn Margrétar Pálu kom fram marktækur munur á milli kynjanna á ýmsum sviðum en niðurstöður ríma við fjölda rannsókna sem gerðar hafa verið á kynjamuni.¹⁴ Þar má nefna að stelpur stóðu að flestu leyti betur í skóla en strákar. Samt sem áður var sjálfsmynd þeirra veikari. Margrét Pála segir þennan kynjamun meðal annars styðja rökin fyrir kynjaskiptu leikskólastarfi í Hjalla.¹⁵

Blómstra stúlkur í hæfilegri fjarlægð frá drengjum?

Kynjaskiptingin í Hjalla er ekki einsdæmi á Íslandi. Til að mynda hafa verið gerðar tilraunir með kynjaskiptingu í Gagnfræðaskólanum á Akureyri og í Myllubakkaskóla í Keflavík. Í Myllubakkaskóla var markmiðið að hafa áhrif á viðhorf nemenda til eigin getu og starfsmöguleika. Dr. Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands, rannsakaði þetta verkefni og taldi að það hefði ekki skilað tilætluðum árangri þar sem viðhorf krakkanna breyttust lítið sem ekkert og enginn munur mældist á viðhorfi kynjanna. Hins vegar virtust krakkarnir öðlast raunsæri mynd af eigin möguleikum.¹⁶ Taka skal fram að reynsla kennara af verkefninu var jákvæð. Reyndar virðist reynsla kennara, nemenda og foreldra yfirleitt jákvæð í jafnréttisverkefnum.¹⁷

Lítið hefur verið um rannsóknir á langtímaáhrifum jafnréttisverkefna í líkingu við Hjallastefnuna. Í rannsókn sinni kannaði Margrét Pála áhrif kynjaskiptingar, annars vegar hjá börnum af báðum kynjum í 1. og 2. bekk grunnskóla og hins vegar í 5. og 6. bekk. Við ákváðum hins vegar að einskorða okkar rannsókn við stúlkur og athuga hvort áhrif væru merkjanleg þegar lengri tími væri liðinn frá leikskóladvöl. Þess vegna eru viðmælendur okkar allir nýskriðnir á þrítugsaldurinn. Við athuguðum hvort kynjaskipting á Hjalla hefði ef til vill gefið þeim meira svigrúm til þess að blómstra á eigin forsendum.

¹³ Margrét Pála Ólafsdóttir 2000, bls. 107.

¹⁴ Margrét Pála Ólafsdóttir 2000, bls. 125.

¹⁵ Margrét Pála Ólafsdóttir 2000, bls. 105.

¹⁶ Guðný Guðbjörnsdóttir 1994, bls. 29.

¹⁷ Margrét Pála Ólafsdóttir 2000, bls.59.

Sjálfsvirðing og sjálfsmynd

Áður en við snúum okkur að rannsókninni og niðurstöðum hennar skoðum við veigamikinn þátt í rannsóknarefninu en það er sjálfsvirðing og sjálfsmynd. Sjálfsvirðing (self-esteem) er mat okkar á heildarsjálfinu. Sjálfsvirðing segir til um sýn á okkur sjálf.

Samkvæmt Harter er fylgni á milli ytra útlits og góðrar sjálfsvirðingar.¹⁸ Félagslegir þættir eins og fjölskylda, vinir og skóli hafa einng áhrif á þróun sjálfsvirðingar hjá unglingum. Hjá flestum unglingum eru kvíði eða óþægindi sem tengjast lágri sjálfsvirðingu aðeins tímabundið ástand, en hjá öðrum getur lág sjálfsvirðing leitt til alvarlegri vandamála.¹⁹

Sjálfsmynd (self-concept) er sú mynd sem við höfum af okkur sjálfum, mikilvægur eiginleiki í að skilja sjálfan sig. Sjálfsmyndin byggir m.a. á hvernig við metum okkur í starfi, velgengni, félagslegri stöðu og samskiptum við aðra. Sjálfsmynd er einnig mikilvæg í umræðu um kynjaskiptingu. Margrét Pála segir m.a. um sjálfsmynd kynjanna: „Engir hæfileikar eiga að teljast einkaeign annars kynsins – þvert á móti verða allir hæfileikar að teljast sammannlegir og standa öllum til boða.”²⁰

Niðurstöður

Rannsóknin fór þannig fram að við hittum þrjár stúlkur fæddar 1984 og 1985. Þær voru allar í leikskólanum Hjalla sem börn, en þó mismengi. Við spurðum þær fyrirfram ákveðinna spurninga sem við bjuggum til sjálfar og skráðum svörin. Svarmöguleikar voru nokkrir við hverri spurningu og eins höfðu þær kost á að bæta við svárið. Fræðilega byggja spurningarnar á ýmsum staðhæfingum um kynjamun ungmenna, t.d. nefnir Santrock að unglingum finnist að strákurinn eigi frekar að eiga frumkvæði að sambandi/kynlífi.²¹

Við notuðum svonefnda snjóboltaaðferð við val á stúlkunum, fengum eitt nafn úr nemendaskrá Hjalla. Hún benti okkur á aðra stúlku og síðan koll af kalli. Spurningar voru þrískiptar. Í fyrsta flokki tengdust þær skólagöngu, í öðrum félagslegri virkni, sjálfstrausti og metnaði og í þeim þriðja viðhorfum til stráka og samskiptum við þá.


¹⁸ Santrock 2006, bls. 147.

¹⁹ Santrock 2006, bls. 149.


²⁰ Margrét Pála Ólafsdóttir 1992, bls. 49.

²¹ Santrock 2006.

Hér á eftir gerum við grein fyrir nokkrum niðurstöðum, fyrst varðandi varðandi sjálfsmynd og sjálfsöryggi í skóla:




Það vaknar hjá þér spurning í tíma. Hvað er líklegast að þú gerir?




Skipta viðbrögð kennara við spurningum þínum máli?

Tvær stúlkanna segja viðbrögð kennara skipta mjög miklu máli en allar töldu þær sig eiga auðvelt með að spyrja spurninga í kennslustundum.

Næst gerum við grein fyrir niðurstöðum í flokknum félagsleg virkni, sjálfstraust og metnaður.




Hefur þú skrifað grein í blöð? Bloggar þú undir nafni? Setur þú þér langtímamarkmið? Sérðu þig fyrir þér í hlutverki í framtíðinni?



Tekur þú þátt í félagsstarfi? Hversu mikið hugsar þú um álit annara? Hræðist þú að koma fram opinberlega?

Að lokum spurningar tengdar viðhorfum til stráka og samskiptum við þá:



Getur stelpa boðið strák út? Ert þú í föstu sambandi? Áttu karlkyns vini?

Sjálfsmynd stúlkanna varðandi nám og störf virðist sterk. Þær eiga auðvelt með að tjá sig, eru sjálfsöruggar og hugsa ekki mikið um álit annarra nemenda. Þær hika ekki við að spyrja heimskulegra spurninga, eins og ein stúlkan orðaði það: „Ef ég þarf svar við spurningu, spyr ég. Það skiptir ekki máli hversu kjánaleg öðrum finnst hún. Ég þarf svar til að skilja námsefnið.“

Þær eiga gott með að flytja eigið efni og kjósa að flytja mál sitt af punktum á blaði. Þær eru ekki mjög félagslega virkar sem stendur, allar sögðu þær að námið gengi fyrir. Þær voru hins vegar virkar í félagsstarfi í framhaldsskóla. Ein stúlkan stefnir á félagsmálaþátttöku í Háskóla Íslands.

Þessar stúlkur virðast opnar fyrir þeim möguleikum sem eru í boði og grípa þau tækifæri sem bjóðast. Tveimur fannst mjög líklegt að þær myndu mæta í sjónvarpsviðtal, ef þær yrðu beðnar um það. Þær áttu það allar sameiginlegt að vera metnaðarfullar. Tvær þeirra stefna á framhaldsnám í háskóla. Tvær stúlkanna eru í tónlistarnámi og önnur þeirra þakkar það verunni á Hjalla en þar kynntist hún tónlist og áhuginn kviknaði. Hún telur einnig að tónlistin

hafi hjálpað sér í að koma fram opinberlega og tjá sig. Þær setja sér allar langtímamarkmið og sjá sig allar í ákveðnu hlutverki í framtíðinni.

Þær eru allar í því námi sem þær stefndu að og telja allar leiðir færar í námi. Stúlkurnar telja frekar mikinn mun á kynjunum. Þær eiga allar karlkyns vini en stúlkur eru í meirihluta í vinalópnum. Þær eiga auðvelt með að umgangast stráka og ein taldi sig geta treyst karlkyns vini fyrir leyndarmáli.

Öllum finnst þeim eðlilegt að stúlka bjóði strák út og að hún geti haft frumkvæði í kynlífi. Þetta sé ekki endilega hlutverk stráka. Þær telja að stelpur séu óframfærnari en strákar. Ein nefndi að hún hefði ekki tekið eftir þessu fyrr en hún kom í framhaldsskóla. Þar uppgötvaði hún hversu óframfærnar stelpur geta verið, bæði gagnvart strákum og kennurum, sérstaklega þeim fyrrnefndu. Í grunnskóla varð hún ekki eins vör við þetta en þar héldu Hjallastelpurnar hópinn.

Niðurlag

Rannsókn okkar beindist fyrst og fremst að sjálfsvirðingu og kjarki Hjallastelpna, viðhorfum gagnvart strákum og viðhorfum gagnvart hefðbundnum karl- og kvenverkum. Við teljum spurningarnar sem við lögðum fyrir geta gefið vísbendingar um það hvort einhverjir þeirra þátta sem unnið var með í Hjallastarfinu skili sér á fullorðinsárum. Hér er um meginlega rannsóknaraðferð að ræða en úrtakið var lítið, aðeins þrjár stelpur. Stelpurnar reyndust undantekningarlaust búa yfir mikilli sjálfsvirðingu og trú á eigin getu, einnig voru viðhorf þeirra til stráka jákvæð og þær virtust óhræddar við að taka að sér hefðbundin „karlmannsverk“.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að eitthvað af jákvæðri afstöðu stelpnanna og kjarki þeirra megi rekja til dvalarinnar á Hjalla. Það er í það minnsta tilgáta okkar og þeirra eigin skoðun sem kemur víða fram í niðurstöðunum. Við teljum að grundvöllur væri fyrir því að rannsaka nánar hugsanleg langtímaáhrif Hjallastefnunnar. Það yrði best gert með mun stærri og ítarlegri rannsókn en þessari hér. Áhugavert væri að skoða í meginlegri rannsókn framangreinda þætti hjá Hjallastelpum annars vegar og jafnöldrum þeirra úr Hafnarfirði hins vegar.

Í spjalli okkar við stelpurnar kom ýmislegt fleira í ljós en það sem við vorum að leita eftir. Það kom okkur til dæmis á óvart að leikskólinn virðist ennþá stór hluti af sjálfsmynd þeirra.

Þær eru „Hjallastelpur“. Það væri gaman að vita hvort margir jafnaldrar þeirra kenni sig við leikskólann sinn og skilgreini sig að einhverju leyti út frá honum. Þessar stelpur minntust allar Hjalla með hlýju og þakka honum jákvætt viðhorf sitt og sjálfsöryggi en einnig margt annað, svo sem að hann hafi veitt öruggt skjól á erfiðum tímum. Ein stúlkan sem lagt hefur fyrir sig tónlist þakkar það Margréti Pálu og önnur hefur ákveðið að feta í fótspor kennara síns og helga sig Hjallastarfinu að loknu námi. Það er sannarlega ekki slæm umsögn sem Hjalli hlýtur hjá stúlkum sem fyrir um það bil tuttugu árum útskrifuðust þaðan á sjötta aldursári.

Elísabet Auður Torp

Fríða Proppé

Vala Ágústa Káradóttir

Fylgiskjöl:

1. Heimildaskrá
2. Spurningalisti fyrir Hjallarannsóknina
3. Yfirlýsingar þátttakenda í rannsókninni

Heimildaskrá

Guðný Guðbjörnsdóttir 1994: „Strákar og stelpur í takt við tímann.“ *Uppeldi og menntun* 3: Bls. 29-52.

Hjallamiðstöðin. (e.d.) Um Hjallastefnuna. Sótt 2. desember 2006. af <http://www.hjalli.is/>

Ingvar G. Sigurðsson 1999: *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Æskan.

Lilja S. Sigurðardóttir og Margrét Pála Ólafsdóttir. 2006. *Börn eru bæði stelpur og strákar. Námsstefna um kynjanámskrá Hjallastefnunnar, Hveragerði 22.-23. október 2004*. Hafnarfirði: Hjallastefnan ehf.

Margrét Pála Ólafsdóttir. 1992. *Æfingin skapar meistarann!; leikskóli fyrir stelpur og stráka*. Reykjavík: Mál og menning.

Margrét Pála Ólafsdóttir. 2000. *Gengi Hjallabarna í grunnskóla: hefur kynjaskipt leikskólastarf áhrif á færni. líðan og viðhorf stúlkna og drengja þegar í grunnskóla er komið*. Reykjavík. M.Ed. ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.

„Mikil harka í samskiptum starfsfólks Garðavalla og bæjaryfirvalda eftir skrif Pressunnar.“ (1991, 21. febr.) *Fjarðarpósturinn* 5. tbl. 9. árg., bls. 1.

Samkomulag í Garðavallamálinu. (1991, 18. apríl). *Fjarðarpósturinn* 11. tbl., 9. árg. Hafnarfirði, bls. 12.

Santrock, John W. 2006: *Adolescence*. New York: McGraw-Hill.

„Öll börn eru velkomin.“ *Morgunblaðið* (2003. 10. ágúst):